

Vélsm.   
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð  
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

287. tbl - 7. árg.

18. janúar 2007



SPARISJÓÐUR  
Ólafsvíkur

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001  
www.spo.is

# Skrifað undir kaup á nýrri slökkvibifreið

Kristinn Jónasson bæjarstjóri í Snæfellsbæ og Benidikt Einar Gunnarsson frá Ólafi Gíslasyni & co skrifuðu undir kaupsamning á nýjum slökkvibíl þann 11. janúar s.l.

Sagði Kristinn að um hreina viðbót væru um að ræða en fyrir eru tvær eldri bifreiðar og væru þessi kaup til þess að styrkja öryggi bæjarbúa og þá sérstaklega fyrir íbúa sem búa sunnan Fróðárheiðar þar sem bíllinn kemst hratt yfir, auk þess sem stór fyrirtæki eru í bæjarfélaginu og einnig er unnið að bygginu stórra fyrirtækja.

Nýja slökkvibifreiðinn er af gerðinni Scania 4x4 og er um öflugan bíl að ræða, bíllinn er með 420 hestafla vél og hámarkshraðinn um 125



km á klst, hann er mjög vel útbúinn og tekur 4000 lítra af vatni og er með 200 lítra froðutank, 3200 lítra vatnsbyssa er á þaki bílsins og 6 kw rafall við vél.

Yfirbygging er öll úr trefjaplastefni með eins mikið pláss fyrir búnað og mögulegt án þess að það komi

niður á vatnsmagni.

Sæti eru fyrir fjóra í reykköfunarstólum en alls

rúmast 9 menn í bílnum.

Bíllinn er smíðaður í Pólandi og verður afhentur í janúar á næsta ári, kaupverðið er 26 milljónir króna.

Á myndinni sem Alfons tók eru Benidikt Einar Gunnarsson og Kristinn Jónasson að skrifa undir samninginn, og fyrir aftan þá er Sigurður Sveinn Guðmundsson vara-slökkviliðstjóri og Svanur Tómasson slökkviliðsstjóri í Snæfellsbæ. Á myndinni hér að neðan er samskonar slökkvibifreið og Snæfellsbær hefur nú fest kaup á.



**HOBBITINN**

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · ☎ 436 1362

**PIZZUTILBOÐ ALLA DAGA**

Aflsláttur á Bland í poka á laugardögum

## Nýtt á sölu



Hafnarfjörður.

Til sölu er tveggja ára, 94 fm íbúð, í fjölbýli á Daggarvöllum í Hafnarfirði. Hún samanstendur af forstofu, holi, þremur herbergjum, stofu, eldhúsi, baðherbergi, geymslu og þvottahúsi. Á forstofu, þvottahúsi og baðherbergi eru flisar en parket á öðrum gölfum. Íbúðin sem er björt og rúmgóð er á jarðhæð og snýr stofan mót suðri og úr henni er gengið út á 40 fm sólpall. Lóðin er nær fullfrá gengin.

Ásett verð er kr 21,8 millj.

Skipti á einbýlishúsi í Ólafsvík koma vel til greina.

Sjá upplýsingar  
um eignir í Snæfellsbæ  
á [valholl.is](http://valholl.is) undir söluskrá

Nánari upplýsingar í síma 893 4718

**VALHÖLL**  
FASTEIGNASALA

Ingólfur G. Gissurarson, löggiltur fasteignasali,  
Síðumútt 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

**FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS**

**HÚS TIL SÖLU**

**Ennisbraut 18**



185 fm. steinsteypt hús með tveimur íbúðum byggt árið 1959. Á neðri hæð er 84 fm. íbúð sem skiptist í forstofu, hol, þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. Á efri hæð er 101 fm. íbúð sem skiptist forstofu, hol, stofu, eldhús, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Geymsluloft er yfir efri hæð og sameiginlegt þvottahús er á neðri hæð. Gamlar innréttingar og gömul gólfefni eru í húsinu. Húsið er klætt að utan með „steini“ og gluggar á neðri hæð og að hluta á efri hæð hafa verið endurnýjaðir. Vatnslagnir eru að hluta endurnýjaðar. Húsið stendur á sjávarlóð rétt við barnaskólann í Ólafsvík.

Verðhugmynd 16.000.000,-.

Sjá nánari upplýsingar um eignina og aðrar eignir á skrá á heimasíðu fasteignasölu: [fasteignsnae.is](http://fasteignsnae.is)  
Á Fasteignasölu Snæfellsness eru öll störf ummin af löggiltum fasteignasala sem tryggir öryggi í viðskiptum.

Fasteigna- og skipasala Snæfellsness  
Pétur Kristinnsson, hdl. löggiltur fasteigna- og skipasali.  
Sími 438-1199, netfang [pk@sinnet.is](mailto:pk@sinnet.is)  
Heimasíða: [fasteignsnae.is](http://fasteignsnae.is)

# Snjóflóðavarnir í Ólafsvík



Búið er að stofna hönnuðateymi til að hanna snjóflóðavarnir í Ólafsvík. Hönnuðirnir voru í Ólafsvík í síðustu viku að skoða aðstæður. Er verið að undirbúa útboðsögn, en verkið verður boðið út fljótlega og er reiknað með að byrjað verði á verkinu nú í sumar. Meðal þess sem gert verður er að grindverkin sem eru í hlíð-

inni verða tekin og ný sett upp. Mön verður sett upp fyrir ofan heilsugæslustöðina sem eins og kunnugt er varð fyrir snjóflóði seint á síðustu öld. Grjót verður hlaðið upp með gílinu og skipt verður út skólabrúnni, þetta er gert til að verjast krapaflóðum sem gætu komið niður gilið. Allt þetta telst til snjóflóðavarna.

**Þín verslun**

Nýtt kjöttílbod hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.

Fjöldi annara tilboða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.

**Verslunin Kassinn ehf.**  
Norðurtanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 fax 436-1346  
meil. kassinn@thinverslun.is

## GETRAUNIR

Strákarnir á Matthíasi SH gerðu sér lítið fyrir og sigruðu Sparisjóð Ólafsvíkur 10-9 í áskorendaleik Víkings. Sparisjóðurinn skorar nú á Deloitte og verður spennandi að sjá hvort þeir ná að steypa Matthíasi SH af stól. Á næstu vikum mun fara af

stað hópleikur þar sem veglegir vinningar verða í boði, nánar auglýst síðar. Hvetjum fólk til að mæta á skrifstofuna milli 10:30-13:00 á laugardaginn í kaffi og tipp.

Tipparakveðjur  
Stjáni Tótu



## Útrás nemenda FSN

Við Fjölbrautaskóla Snæfellinga er hópur nemenda í sögu að vinna að undirbúningi námsferðar til Rómar í maí nk.. Í hópnum eru 30 nemendur, á öllum aldri, frá Grundarfirði, Snæfellsbæ, Helgafellssveit og Stykkishólmi.

Svona ferð er afar dýr, sérstaklega þar sem ekki er boðið upp á beint flug til Rómar. Við höfum því verið í fjáröflun í allt haust, en betur má ef duga skal því enn vantar okkur þó nokkra fjárhæð upp á. Við höfum verið með veitingasölu á dansleikjum skólans, selt jólakort sem hönnuð voru af nemendum, haldið kókubasar í Grundarfirði og Stykkishólmi og verið með veitingasölu á skemmtikvöldum skólans. Því miður eru ákveðnar fjáröflunarleiðir okkur lokaðar þar sem þær eru í „eigu“ annarra aðila, en við verðum bara að vera þeim mun hugmyndaáriki í staðin.

Fimmtudagskvöldið 18. janúar n.k. munum við vera með kaffihúsakvöld í matsal Fjölbrautaskólans og bjóða þangað nemendum úr 9. og 10. bekkjum grunnskólanna á norðanverðu Snæfellsnesi. Munu nemendur skólans verða með ýmis skemmtatriði og gefst nemendum grunnskólanna líka kostur á

að troða upp. Aðgangseyrir að skemmtuninni er kr. 500, sem rennur óskiptur í sjóð Rómara og verður að sjálf-sögðu hægt að kaupa sér girnilegar veitingar á staðnum, eins og pizzasnúða, skinkuhorn, kanilsnúða og gos á viðráðanlegu verði.

Á næstu mánuðum munum við verða á ferðinni með ýmiskonar fjáröflunarleiðir eins og gluggaþvott (er frost leysir), styrktartónleika, salernispappírssölu, áheitasöfnun og vonandi eitthvað fleira skemmtilegt og biðjum við íbúa á norðanverðu Snæfellsnesi að taka nemendum vel. Ef þið hafið áhuga á að fá nemendur úr hópnum til að vinna einhver verk fyrir ykkur, stór jafnt sem smá, hikið ekki við að hafa samband við okkur og við munum leysa þau verk af hendi vel og örugglega. Hægt er að hafa samband við kennarann okkar hana Sólrúnu Guðjónsdóttur í síma 849 1015 eða á netfangið solrun@fsn.is í sambandi við fjáröflunarmöguleika eða störf sem þið viljið láta okkur inna af hendi.

Við viljum að lokum þakka góðar viðtökur hingað til og kveðja á ítalska vísu; a presto (sjáumst fljótlega).

Nemendur í Rómahóp FSN



## Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Neff. bylga@bylgja.is



Bláðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Bláðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is  
Sími: 436 1617

## Smáauglýsing

### Sófasett

Sófasett 3+2+1 fæst gefins gegn því að vera sótt á Grundarbraut 28, Ólafsvík  
Uppl. í síma 862 5170

# Að sníkja í gogginn, hvað er nú það?

Sá síður að „sníkja í gogginn“ sem hefur tíðkast hérna í Ólafsvík í áratugi, á þrettándanum, var í fyrstu kominn til af þeirri trú manna, að á þrettándanum flyttu álfar og huldufólk búferlum, og þótti sniðugt að börnin byggju sig upp sem álfa, huldufólk og jafnvel aðrar verur s.s. forynjur og tröll, í ljósi þessarar trúar voru þeim sagðar álfa og huldufólksögur, jafnvel þær sem áttu að hafa átt sér stað hérna í Ólafsvík og nágrenni, og voru þau þess vegna meðvitund út á hvað leikurinn snérist!

Ég ympra hérna á þessu, vegna þess að mér finnst að allflestir séu löngu búnir að gleyma af hverju þetta fór allt sama af stað, og það finnst mér synd. Vegna þess að þá missir

gjörningurinn alla meiningu.

Þess vegna skora ég hér með á foreldra og grunnskólann að hjálpa börnunum aftur á rétta braut með þennan leik, lesi fyrir þau þjóðsögurnar okkar og lifti aftur upp þessari gömlu trú.

Að mínu mati yrði þessi skemmtilegi leikur þá ennþá skemmtilegri og gæfi miklu meiri möguleika í búningum og tjáningu barnanna bæði með látbragði, söng, kveðskap eða þulum eða hverju öðru sem þyrfti til þess að falla inní „hlutverkið“. Þau væru þá þar með búin að láta eitthvað í staðinn fyrir það sem þau fá í „gogginn“

Sem sagt allir fengu þá eitthvað fyrir sinn snúð.

Ester Gunnarsdóttir

## Aðalflutningar

Öryggi alla leið

Höfum opnað vöruafgreiðslu að Norðurtanga 1

Farið er frá AÐALFLUTNINGUM Skútuvogi 8, Reykjavík kl. 17:00 alla virka daga.

Afgreiðslan er opin frá 08:00 - 16:00.

Síminn er 431 5613, 895 5613, 899 5613

## Skammtímavistun á Gufuskálum



Helgina 12-14 janúar opnuðu Gufuskálar aftur eftir jólafrí. Krakkarnir mættu sprækir eftir jólin og var marga skemmtilegt gert þeim til dægna styttingar eins og skúffukökubakstur, leikir, söngvar og fleira.

Á laugardegnum var brunuð til Ólafsvíkur, með nesti og stefnan tekinn á Sjómannagarðinn. Þar sem þau renndu sér og fóru í snjókast.

Helgina enduðu þau síðan með pizzaveislu og tilheyrandi.

## Er kyndikostnaðurinn hárr?

- |                            |             |
|----------------------------|-------------|
| -Kyndirðu með rafmagni?    | -í heimahús |
| -Kynntu þér varmadælnar    | -í geymslur |
| -Þær lækka kyndikostnaðinn | -í útihús   |
|                            | -í sumarhús |



Ís-húsið 566 6000

## Öflugt blaklíf í Snæfellsbæ

Helgina 13-14. janúar komu góðir gestir í heimsókn hingað í Snæfellsbæ. Það var Marek, aðalþjálfari Íslenska kvennalandsliðsins í blaki. Hann þjálfar einnig undir 17 ára og 18-19 ára landslið Íslands í blaki og KA á Akureyri.

Þeir voru þrír frá Akureyri sem heimsóttu okkur þ.e. Marek, Filipp og þeim til fulltings

var landsliðsmaður okkar Snæfellsbæinga í blaki, Hilmar Sigurjónsson.

Það var blaklið umf. Víkings Ólafsvík og umf. Reynis Hellissandi sem stóðu fyrir heimsókn þessara félaga. Blakæfingar stóðu alla helgina fyrir blakarana, tvær á laugardag og ein á sunnudagsmorgun og voru þeir hörðustu í sex

klukkustundir í blaki um helgina. Mikill áhugi var á æfingunum og lærðu blakararnir allir eitthvað nýtt

Eftir síðustu æfinguna í hádegnum á sunnudag var krökkunum í krakkablakinu boðið að fara á æfingu hjá þeim félög-

um og mættu 30 krakkar á aldrinum 12-15 ára.

Það er samdóma álit allra sem tóku þátt í þessum æfingum að það hafi verið vel til fundið af stjórnnum félagana að ráðast í þessar æfingabúðir.

## Brautarholt 19 til sölu



Til sölu er Brautarholt 19 sem er 201,4 fm. með bílskúr Á efri hæð er forstofa, gestasnyrting, stofa, eldhús og búr. Á neðri hæð eru 4 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymsla. Geymsluloft er yfir húsinu. Skipti á minni eign kemur til greina. Upplýsingar í síma 436 1519 eða á staðnum.





# HÍÐ ÁRLEGA Þorrablót

verður haldið í Félagsheimilinu á Klifi Ólafsvík  
laugardaginn 27. janúar n.k.

Hinn eini sanni þorramatur, skemmtiatriði og ball.

Hljómsveitin Stuðgæjarnir leikur fyrir dansi.

Miðaverð Kr. 5.000.-



Miðasala verður í Félagsheimilinu á Klifi sem hér segir:



Sunnudaginn 21. janúar kl. 13:00 – 15:00  
húsið opnað kl. 12:30, dregið verður um röð kaupenda

Mánudaginn 22. janúar kl. 20:00 – 21:30  
Þriðjudaginn 23. janúar kl. 20:00 – 21:30

ATH! Hámark miðafjölda á hvern einstakling eru 10 stk. Ekki verður selt sér inn á ballið.

Notum nú þetta tækifæri og skemmtum okkur saman, það gæti orðið svo virkilega gaman.

Nefndin

ATH. Miðar verða ekki endurgreiddir eftir miðvikudag 24. janúar



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Kökubasar

7. bekkur Grunnskóla Snæfellsbæjar er að fara í hina árlegu skólubúðir að Reykjum í Hrótafirði í febrúar n.k. Undanfarið hafa þau verið með fjáraflanir til að safna fyrir ferðinni. Laugardaginn 20 janúar n.k halda þau kökubasar í **Versluninni Virkinu Rifi** og í **Þín verslun Ólafsvík** og hefst hann kl 14.00 á báðum stöðum. Vonumst til að sjá sem flesta.

Margar gírnilegar tertur á boðstólnum.

Fystur kemur, fyrstur fær.

7. bekkur Grunnskóla Snæfellsbæjar.

## Þorra Tilboð

### Hamborgartilboð

4x 120 gr tex mex ostaborgarar,  
franskar og 2 l gos kr 2600

Eda Grillaður ostborgari  
með jökklasalati

1x 120 gr tex mex ostaborgari,  
franskar og 1/2 l kólk kr 750

Eda Grillaður ostborgari  
með jökklasalati

Minum á að  
veitingastaðurinn er  
opinn alla daga  
Gerum tilboð í Veislur  
og aðrar uppákomur



HÓTEL  
Ólafsvík S: 436 1650

## Take away eða borða á staðnum

Föstudag, laugardag  
og sunnudag  
hægt að taka með  
frá kl 18-22

### Thai réttir

Kjúklingur "gen karry" kr 980\*

Lamb í "gen karry" kr 860\*

Svínakjöt "massaman" kr 860\*

Steiktur niðlur  
með eggj og græmeti kr 680\*

Djúpsteiktur rækjur  
með súrsætri sósu kr 780\*

\*öllum réttum fylgja hrisgrjón

Nr 1  
Lamb "gen karry"  
Svínakjöt "panang"  
Steiktur niðlur með eggj og græmeti  
Hrisgrjón  
Lágmark 2  
Kr 1000 pr.mann

Nr 2  
Kjúklingur "gen karry"  
Svínakjöt "massaman"  
Djúpsteiktur rækjur með súrsætri sósu  
Lágmark 2  
Kr 1000 pr.mann